

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær



Reykjavík 24. febrúar 2017
UST201701-241/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Reykjanesvita og nágrennis

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar er barst 23. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjanesvita og nágrennis.


Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að áætluð deiliskipulagsbreyting mun ná til um 3 ha landsvæðis og að þar af eru 1,5 ha skilgreindir sem stækkun á skipulagssvæðinu. Einnig kemur fram að umsjónaraðili þjónustumiðstöðvar sem verið er að reisa á svæðinu hefur áhuga á að heimila uppbyggingu lítilla húsa, með svefnrými og salerni. Einnig kemur fram að hýsin eru hugsuð sem aðstaða fyrir stjörnuskoðun. Að mati Umhverfisstofnunar er lykilatriði að slík smáhýsi falli vel að umhverfinu.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur